



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu þrjá mánuði áranna 2014 og 2015

2015

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrstu þrjú mánuði áráanna 2014 og 2015. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu þrjú mánuði áráanna 2014 og 2015.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um tæplega 18% á fyrstu þremur mánuði ársins 2015 miðað við fyrstu þrjú mánuði ársins 2014. Fjöldi tilkynninga fyrstu þrjú mánuði ársins 2015 var 2.104 tilkynningar, en 2.560 fyrir sama tímabil árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 13,9% en fækkunin var 26,7% á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 voru vegna vanrækslu eða 38,3% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar fyrstu þrjú mánuði ársins 2014 vegna vanrækslu var 40,2%. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 27,7% fyrir sama tímabil á árinu 2015, en 23,3% árið á undan. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 33,0% fyrir sama tímabil á árinu 2015, en 35,9% árið á undan. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu hækkaði í 1,0% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 en var 0,5% fyrir sama tímabil árið á undan.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu var 11,8% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015, en 9,8% fyrir sama tímabil árið á undan. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,4% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 en 5,0% fyrir sama tímabil árið á undan.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 var 1.762 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 2.004 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferð fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknum um Stuðla fækkaði úr 17 umsóknum í 6 umsóknir, umsóknum um meðferðarheimili fækkaði úr 7 umsóknum í 5 umsóknir og umsóknum um MST fækkaði úr 32 umsóknum í 21 umsókn. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustusvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir um Stuðla og meðferðarheimili voru vegna stúlkna fyrstu þrjá mánuði ársins 2015, en í MST voru umsóknir fyrir drengi fleiri.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fækkaði úr 37 í 21 á umræddu tímabili. Flestar beiðnir voru frá Reykjavík á fyrstu þremur mánuðum bæði árin, en beiðnum fækkaði frá nágrenni Reykjavíkur og landsbyggðinni á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 miðað við sama tímabil árið á undan. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015, en fleiri fyrir stúlkur fyrir sama tímabil árið á undan.

Í Barnahúsi fjölgaði rannsóknarviðtölum úr 46 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2014 í 61 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Skýrslutökum fjölgaði úr 14 í 37 milli ára en könnunarviðtölum fækkaði úr 32 í 24. Greiningar- og meðferðarviðtölum fjölgaði úr 27 viðtölum í 36 viðtöl. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 80,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015, en 67,4% fyrir sama tímabil árið á undan.

Vistanir á neyðarvistun Stuðla voru 41 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 en 51 fyrir sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fækkaði úr 321 í 294. Fjöldi einstaklinga var 27 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015, en 33 fyrir sama tímabil árið á undan og voru fleiri stúlkur vistaðar á þessu tímabili á árinu 2015, en fleiri drengir á sama tímabili árið á undan.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 13 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015, en 12 fyrir sama tímabil árið á undan. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	1.169	45,7	976	46,4
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	16	0,6	10	0,5
Barnavernd Kópavogs	217	8,5	205	9,7
Fjölskylduráð Garðabæjar	64	2,5	73	3,5
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	257	10,0	231	11,0
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	153	6,0	116	5,5
Fjölskylduráð Grindavíkur	22	0,9	7	0,3
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	82	3,2	68	3,2
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	53	2,1	34	1,6
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	61	2,4	51	2,4
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	27	1,1	16	0,8
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	15	0,6	16	0,8
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	61	2,4	37	1,8
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	5	0,2	3	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	2	0,1	1	0,0
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	6	0,2	23	1,1
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	5	0,2	13	0,6
Barnaverndarnefnd Útey	18	0,7	4	0,2
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	81	3,2	82	3,9
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	41	1,6	16	0,8
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	30	1,2	12	0,6
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	27	1,1	14	0,7
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	10	0,4	7	0,3
Félagsmálanefnd Árborgar	58	2,3	35	1,7
Velferðarnefnd Árnesþings	19	0,7	16	0,8
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu	16	0,6	13	0,6
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	45	1,8	25	1,2
Samtals	2.560	100,0	2.104	100,0

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.414	55,2	1.058	50,3
Stúlkur	1.135	44,4	1.025	48,7
Ekki vitað ¹	11	0,4	21	1,0
Samtals	2.560	100,0	2.104	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	1.776	69,4	1.529	72,7
Landsbyggð	784	30,6	575	27,3
Samtals	2.560	100,0	2.104	100,0

¹Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsýslur.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um¹

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	845	42,2	756	42,9
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	13	0,6	10	0,6
Barnavernd Kópavogs	179	8,9	179	10,2
Fjölskylduráð Garðabæjar	60	3,0	65	3,7
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	218	10,9	206	11,7
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	123	6,1	100	5,7
Fjölskylduráð Grindavíkur	20	1,0	7	0,4
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	59	2,9	58	3,3
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	48	2,4	28	1,6
Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar	41	2,0	39	2,2
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	26	1,3	12	0,7
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	15	0,7	16	0,9
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	50	2,5	35	2,0
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	4	0,2	3	0,2
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	2	0,1	1	0,1
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	5	0,2	21	1,2
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	5	0,2	13	0,7
Barnaverndarnefnd Útey	18	0,9	4	0,2
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	73	3,6	75	4,3
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	26	1,3	14	0,8
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	28	1,4	12	0,7
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	21	1,0	13	0,7
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	9	0,4	7	0,4
Félagsmálanefnd Árborgar	48	2,4	35	2,0
Velferðarnefnd Árnesþings	19	0,9	16	0,9
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu	13	0,6	13	0,7
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	36	1,8	24	1,4
Samtals	2.004	100,0	1.762	100,0

¹ Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.071	53,4	876	49,7
Stúlkur	924	46,1	872	49,5
Ekki vitað ¹	9	0,4	14	0,8
Samtals	2.004	100,0	1.762	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	1.363	68,0	1.244	70,6
Landsbyggð	641	32,0	518	29,4
Samtals	2.004	100,0	1.762	100,0

¹ Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsahreppur.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	1.369	68,3	1.273	72,2
Drengir	699	51,1	646	50,7
Stúlkur	663	48,4	613	48,2
Ekki vitað ²	7	0,5	14	1,1
Þar af nýjar kannanir	698	34,8	680	38,6
Drengir	353	50,6	332	48,8
Stúlkur	338	48,4	335	49,3
Ekki vitað ²	7	1,0	13	1,9

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

² Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Ástæður tilkynninga


Ástæður tilkynninga	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.029	40,2	806	38,3
<i>Drengir</i>	512	20,0	398	18,9
<i>Stúlkur</i>	517	20,2	408	19,4
Líkamleg vanræksla	66	2,6	37	1,8
<i>Drengir</i>	40	1,6	23	1,1
<i>Stúlkur</i>	26	1,0	14	0,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	892	34,8	628	29,8
<i>Drengir</i>	439	17,1	310	14,7
<i>Stúlkur</i>	453	17,7	318	15,1
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	252	9,8	248	11,8
<i>Drengir</i>	121	4,7	125	5,9
<i>Stúlkur</i>	131	5,1	123	5,8
Vanræksla varðandi nám	47	1,8	61	2,9
<i>Drengir</i>	28	1,1	31	1,5
<i>Stúlkur</i>	19	0,7	30	1,4
Tilfinningaleg vanræksla	88	3,4	98	4,7
<i>Drengir</i>	45	1,8	49	2,3
<i>Stúlkur</i>	43	1,7	49	2,3
Ofbeldi	597	23,3	583	27,7
<i>Drengir</i>	278	10,9	261	12,4
<i>Stúlkur</i>	322	12,6	322	15,3
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	333	13,0	296	14,1
<i>Drengir</i>	163	6,4	142	6,7
<i>Stúlkur</i>	170	6,6	154	7,3
þar af heimilisofbeldi	129	5,0	155	7,4
<i>Drengir</i>	67	2,6	66	3,1
<i>Stúlkur</i>	62	2,4	89	4,2
Líkamlegt ofbeldi	141	5,5	146	6,9
<i>Drengir</i>	75	2,9	89	4,2
<i>Stúlkur</i>	66	2,6	57	2,7
Kynferðislegt ofbeldi	130	5,1	134	6,4
<i>Drengir</i>	44	1,7	33	1,6
<i>Stúlkur</i>	86	3,4	101	4,8

Áhættuhegðun barna	920	35,9	694	33,0
<i>Drengir</i>	626	24,5	403	19,2
<i>Stúlkur</i>	294	11,5	291	13,8
Neysla barns á vímuefnum	121	4,7	159	7,6
<i>Drengir</i>	75	2,9	114	5,4
<i>Stúlkur</i>	46	1,8	45	2,1
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	384	15,0	237	11,3
<i>Drengir</i>	240	9,4	101	4,8
<i>Stúlkur</i>	144	5,6	136	6,5
Afbrot barns	278	10,9	153	7,3
<i>Drengir</i>	212	8,3	89	4,2
<i>Stúlkur</i>	66	2,6	64	3,0
Barn beitir ofbeldi	102	4,0	110	5,2
<i>Drengir</i>	85	3,3	91	4,3
<i>Stúlkur</i>	17	0,7	19	0,9
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	55	2,1	60	2,9
<i>Drengir</i>	27	1,1	25	1,2
<i>Stúlkur</i>	28	1,1	35	1,7
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	14	0,5	21	1,0
Tilkynningar alls	2.560	100,0	2.104	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	65	100,0	67	100,0
<i>Drengir</i>	28	43,1	29	43,3
<i>Stúlkur</i>	37	56,9	38	56,7
<i>Ekki vitað³</i>	0	0,0	0	0,0

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna



Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	20	0,8	9	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	145	5,7	110	5,2
Nágrannar	197	7,7	117	5,6
Önnur barnaverndarnefnd	57	2,2	47	2,2
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	78	3,0	67	3,2
Lögregla	1.057	41,3	848	40,3
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	313	12,2	309	14,7
Leikskóli/gæsluforeldri	55	2,1	43	2,0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	228	8,9	230	10,9
Foreldrar barns	216	8,4	173	8,2
Aðrir	194	7,6	151	7,2
Samtals	2.560	100,0	2.104	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 3 mán. 2014		Fyrstu 3 mán 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	17	30,4	6	18,8
Langtímameðferð	7	12,5	5	15,6
MST	32	57,1	21	65,6
Samtals	56	100,0	32	100,0

Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2014		Fyrstu 3 mán. 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	7	41,2	4	66,7
Nágrenni Reykjavíkur ¹	6	35,3	0	0,0
Landsbyggð	4	23,5	2	33,3
Samtals	17	100,0	6	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2014		Fyrstu 3 mán. 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4	57,1	4	80,0
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1	14,3	0	0,0
Landsbyggð	2	28,6	1	20,0
Samtals	7	100,0	5	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mán. 2014		Fyrstu 3 mán. 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	12	37,5	11	52,4
Nágrenni Reykjavíkur ¹	10	31,25	3	14,3
Eldra þjónustusvæði ²	10	31,25	6	28,6
Nýtt þjónustusvæði ³	-	-	1	4,8
Samtals	32	100,0	21	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

²Eldra þjónustusvæði (60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík)

³Nýtt þjónustusvæði (í febrúar 2015 var byrjað að þjónusta allt landið)

Kyn barna sem sótt er um meðferð á Stuðlum fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	11	64,7	2	33,3
Stúlkur	6	35,3	4	66,7
Samtals	17	100,0	6	100,0

Kyn barna sem sótt er um meðferð á meðferðarheimili fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	5	71,4	2	33,3
Stúlkur	2	28,6	4	66,7
Samtals	7	100,0	6	100,0

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	17	53,1	11	52,4
Stúlkur	15	46,9	10	47,6
Samtals	32	100,0	21	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	22	59,5	11	52,4
Varanlegt	9	24,3	5	23,8
Styrkt	6	16,2	5	23,8
Samtals	37	100,0	21	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	13	35,1	13	61,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	8	21,6	4	19,0
Landsbyggð	16	43,2	4	19,0
Samtals	37	100,0	21	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	16	43,2	12	57,1
Stúlkur	21	56,8	9	42,9
Samtals	37	100,0	21	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 3 mánuði 2014	Fyrstu 3 mánuði 2015
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	46	61
a. Skýrslutökur	14	37
b. Könnunarviðtöl	32	24
Greiningar- og meðferðarviðtöl	27	36
Læknisskoðanir ¹	9	4

¹Læknisskoðanir í Barnahúsi féllu niður frá 1. maí til 15. október 2014 vegna breytinga hjá Barnahúsi

Kyn barna í Barnahúsi

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	15	32,6	12	19,7
Stúlkur	31	67,4	49	80,3
Samtals	46	100,0	61	100,0

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 3 mánuði 2014	Fyrstu 3 mánuði 2015
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	51	41
Vistunardagar	321	294
Fjöldi einstaklinga	33	27

¹Frá júlí fram í desember 2014 fækkaði rýmum í neyðarvistun úr fimm í þrjú m.a. vegna breytinga á neyðarvistun.

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	20	60,6	12	44,4
Stúlkur	13	39,4	15	55,6
Samtals	33	100,0	27	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 3 mánuði 2014		Fyrstu 3 mánuði 2015	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	6	50,0	9	69,2
Vesturland	0	0,0	1	7,7
Vestfirðir	0	0,0	1	7,7
Norðurland	2	16,7	0	0,0
Austurland	0	0,0	0	0,0
Suðurland	2	16,7	0	0,0
Reykjanes	2	16,7	2	15,4
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0
Samtals	12	100,0	13	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.